

Georg Lúðvíksson – framboð til stjórnar Lífsverks



Ég er 46 ára rafmagns- og tölvuverkfræðingur frá Háskóla Íslands og að auki með MBA gráðu í viðskiptum frá Harvard Business School með áherslu á fjármál og fjárfestingar. Ég er tæknifrumkvöðull og allan minn starfsferil hef ég haft brennandi áhuga á tækni, fjárfestingum og fjármálum heimilanna. Ég stofnaði félögin UpDown.com (félag í USA á sviði hlutabréfafjárfestinga) og Meniga, sem er leiðandi fyrirtæki á heimsvísu á sviði heimilisfjármálalausna fyrir netbanka en þar hef ég hef starfað sem forstjóri í 13 ár.

Lífeyrismálin eru eitt af stóru málunum þegar kemur að fjárhagi heimilanna og geta skipt sköpum varðandi lífsgæði og áhyggjulaust ævkvöld. Á Íslandi búum við sem betur fer við að mestu leyti mjög gott og vel fjármagnað lífeyriskerfi en þó er hægt að gera betur. Nái ég kjöri mun ég m.a. beita mér fyrir eftifarandi:

- **Aukin áhættudreifing og hærra hlutfall eigna erlendis.** Fjármálahrúnið og umrót undanfarinna missera sýna að þá má lítið út af bregða þegar fjárfestingar eru annars vegar – og ýmis hættumerki eru við sjóndeildarhringinn, t.d. aukin verðbólga og hærra vaxtastig, sem gætu dregið verulega úr ávöxtun næstu ára. Til að lágmarka hættu á eignarýrnun við fjármálaáföll á borð við þá sem átti sér stað í bankahrúninu að þá er lykilatriði að dreifa áhættu eins vel og hægt er og ekki vera með mjög stóran hluta eggjanna á Íslandi. Ég hyggst því beita mér fyrir því að Lífsverk auki áhættudreifingu og geymi hærra hlutfall eigna erlendis eða að því marki sem reglur leyfa.
- **Lægri kostnaður, sér í lagi vegna erlendra eigna.** Mikilvægasti þáttur góðrar langtímaávöxtunar er að halda kostnaði niðri og verður þar að horfa til alls kostnaðar og horfa í gegnum sjóðasjóði. Staðreyndin er sú að fæstir sjóðsstjórar gera betur en markaðurinn til langs tíma og því hafa óvirkir (e. passive) sjóðir á borð við ódýra vísitölusjóði sigrað heiminn undanfarin ár og áratugi og af góðri ástæðu. Ég mun því beita mér fyrir því að hærra hlutfall erlendra eigna verði fjárfest í óvirkum sjóðum með kostnað nálægt núlli.
- **Betri tæknilausnir og upplýsingagjöf.** Sem tæknifrumkvöðull hef ég sterkar skoðanir á því hvernig er hægt að gera betur varðandi tæknilausnir og framsetningu upplýsinga, t.d.

varðandi ávöxtun sjóðsins og sér í lagi hvernig hún er samanborett við aðra sjóði og helstu alþjóðlegar vísitölur.

- **Aukið val varðandi ávöxtunarleiðir.** Þó flestir fylgi sjálfgefni ráðgjöf sem er vel, þá eru ýmsir sem vildu geta valið meira varðandi ávöxtunarleiðir, t.d. varðandi hvar eignir eru geymdar (á Íslandi eða erlendis), í hvernig eignum (hlutabréf, skuldabréf, fasteignir, aðrir eignaflokkar), hver kostnaðurinn er (virk eða óvirk stjórnun), o.s.frv. Ísland er eftirbátur flestra annarra ríkja varðandi val á ávöxtunarleiðum lífeyrirsparnaðar.
- **Aukin áhersla á siðlegar og sjálfbærar fjárfestingar með tilliti til UFS þátta (umhverfisþættir, félagslegir þættir og stjórnarhættir).** Það er lykilatriði þegar fjárfest er til langs tíma að hugað sé að sjálfbærni og langtímapróun í heiminum og Lífsverk þarf stöðugt að þróa stefnu sína í þessum efnum enda er landslagið að breytast hratt á þessu sviði. T.d. er hægt að horfa meira til þess sem norsk olíusjóðurinn er að gera í þessum efnum.

Hljóti framboð mitt stuðning mun ég leggja mig allan fram við að gæta hagsmuna Lífsverk og allra sjóðsfélaga.

Að lokum er rétt að upplýsa um þau hagsmunatengsl að Lífsverk á hlut í fjárfestingasjóðunum Kjölfestu og Frumtaki 2 en báðir þessi sjóðir eiga hlut í Meniga þar sem ég er einn stofnandi og þar sem ég starfa sem forstjóri.